

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Dreifibréf

14. september 2010

Tilvísun: 2010070017

Tilvísun yðar:

Dreifibréf til lánastofnana um meðferð rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamninga

Hinn 16. júní sl. kvað Hæstiréttur Íslands upp tvo dóma varðandi lögmæti lánskuldbindinga í íslenskum krónum, sem tengdar voru gengi erlendra gjaldmiðla, sbr. mál nr. 92/2010 og 153/2010. Niðurstaðan var á þann veg að gengistrygging slíkra lánsamninga væri óskuldbindandi.

Eitt af þeim atriðum sem fjallað er um í framangreindum dómum er hvort umræddir samningar séu leigu- eða lánsamningar en í málunum var því haldið fram að leigusamningar féllu ekki undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu (vaxtalög). Hæstiréttur Íslands rakti í dómum sínum eðli þeirra kaupleigusamninga sem voru til umfjöllunar og komst að þeirri niðurstöðu að um lánsamninga í skilningi VI. kafla vaxtalaga hefði verið að ræða.

Fjármálaeftirlitinu er kunnugt um að meðferð lánastofnana á annars konar eignaleigusamningum en kaupleigusamningum, þ.e. rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamningum hafi verið með mismunandi hætti. Fjármálaeftirlitið hefur lagt heildstætt mat á slíka eignaleigusamninga, með hliðsjón af þeim atriðum sem Hæstiréttur Íslands lagði til grundvallar við mat á kaupleigusamningum í fyrrnefndum dómum. Jafnframt var eðli slíkra samninga skoðað ásamt stöðu samningsaðila og almennum tilgangi gengistryggingar í samningunum. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er sú að framangreindir eignaleigusamningar virðast innihalda ákvæði um vexti og uppgjör við riftun sem almennt tíðkast ekki í leigusamningum heldur lánsamningum, auk þess sem eignarhald samningsandlags er hjá þriðja aðila áður en til samningssambands stofnast. Þá gera lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, engan greinarmun á eignaleigusamningum eftir því hvort leigutaki eða leigusali eignist hið leigða við lok samningstímans. Í ljósi framangreinds telur Fjármálaeftirlitið ástæðu til að beina eftirfarandi til lánastofnana:


Á meðan ekki hefur endanlega verið skorið úr um hvort rekstrar-, einka- og fjármögnunarleigusamningar falli undir gildissvið VI. kafla vaxtalaga og hvort þeir

me

innihaldi óskuldbindandi gengistryggingarákvæði, skal meðferð slíkra eignaleigusamninga vera með sama hætti og umræddra kaupleigusamninga viðkomandi lánastofnana. Með öðrum orðum, að meðferð þeirra verði í samræmi við tilmæli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands frá 30. júní sl., sem aðgengileg eru á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Gunnar P. Andersen



Gisli Örn Kjartansson

Afrit sent:
Samtökum fjármálafyrirtækja